



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 5. desember 2024

SFS24090085

MINNISBLAÐ

Staðfesting starfsáætlana grunnskóla Reykjavíkurborgar skólaárið 2024 – 2025

Samkvæmt 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 er eitt af meginhlutverkum skólanefndar sveitarfélags að staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert. Skóladagatöl eru hluti af starfsáætlun skóla. Skóladagatöl allra grunnskóla borgarinnar voru lögð fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar á fundi skóla- og frístundaráðs 10. júní 2024 en starfsáætlanir eru nú lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar.

Eftirfarandi grunnskólar í Reykjavík hafa skilað inn starfsáætlunum fyrir starfsárið 2024 -2025:

Austurmiðstöð: Árbæjarskóli Ártúnsskóli Borgaskóli Dalskóli Engjaskóli Foldaskóli Hamraskóli Húsaskóli Ingunnarskóli Klébergsskóli Norðlingaskóli Rimaskóli Selásskóli Sæmundarskóli Víkurskóli	Vesturmiðstöð: Austurbæjarskóli Barnaskóli Hjallastefnunnar Grandaskóli Hagaskóli Háteigsskóli Hlíðaskóli Landakotsskóli Melaskóli Skóli Ísaks Jónssonar Suðurhlíðarskóli Tjarnarskóli Vesturbæjarskóli
Suðurmiðstöð: Breiðholtsskóli Fellaskóli Hólabrekkuskóli Seljaskóli Ölduselsskóli	Norðurmiðstöð: Álftamýrarskóli Breiðagerðisskóli Fossvogsskóli Hvassaleitisskóli Laugarnesskóli Langholtsskóli Réttarholtsskóli Vogaskóli Brúarskóli Klettaskóli Waldorfskólinn Sólstafr



Samkvæmt 8. gr. laga nr. 91/2008 á skólaráð hvers grunnskóla að fjalla um árlega starfsáætlun skólans. Skólaráð eru um þessar mundir að fjalla um starfsáætlanir og staðfestingar varðandi það að berast og verður gengið markvisst á eftir því að þær skili sér. Starfsáætlanirnar hafa verið lesnar yfir af fagstjórum grunnskóla í borgarmiðstöðvunum með hliðsjón af til þess gerðum gátlista.

Samkvæmt kafla 12.1 í aðalnámskrá grunnskóla eiga að vera í starfsáætlun grunnskóla ýmsar áætlanir og upplýsingar um skólastarfið sem skólar hafa aðgengilegar á heimasíðum sínum. Lagt hefur verið til að í stað þess að birta slíkar áætlanir og upplýsingar í heild sinni í árlegri starfsáætlun væru krækjur í starfsáætluninni á þessar upplýsingar á heimasíðum skólanna. Sumarið 2023 vildi svo óheppilega til að ráðist var á heimasíður flestra grunnskóla borgarinnar þannig að þær voru óvirkar í byrjun skólaársins 2023. Unnið hefur verið að uppsetningu nýrra heimasíðna þar sem öryggismál og samræmi við aðrar síður borgarinnar voru höfð að leiðarljósi. Fyrsta heimasíðan hefur verið opnuð í nýrri mynd og er nú unnið að því að opna fleiri. Þar sem ekki tókst að endurheimta allar þær upplýsingar sem að öllu jöfnu hafa legið fyrir á heimasíðunum var skólunum ráðlagt að leggja áherslu á eftirfarandi þætti að þessu sinni: umbótaáætlun fyrir skólaárið 2024 - 2025, matsáætlun fyrir skólaárið 2024 - 2025, endurmenntunaráætlun skólans og upplýsingar um innleiðingu skólans á menntastefnu borgarinnar.

Laugalækjarskóli hefur enn ekki skilað starfsáætlun ásamt staðfestingu skólaráðs fyrir þetta skólaár. Gengið verður eftir því að þessum gögnum verði skilað sem fyrst og ekki síðar en í byrjun næsta árs.

